

UPPLÝSINGAÖRYGGISSTEFNA

Veritas Capital er móðurfélag þjónustufyrirtækja í lyfja- og heilbrigðisgeiranum. Félagið er kjölfesta samstæðunnar og veitir þjónustu til dótturfyrirtækjanna svo þau geti einbeitt sér að kjarnastarfsemi sinni. Hér eftir stendur Veritas fyrir móðurfélagið og öll dótturfélög.

Veritas fylgir eftirfarandi upplýsingaöryggisstefnu sem tekur mið af *ISO/IEC 27002:2005 Starfsvenjur fyrir stjórnun upplýsingaöryggis*. Stefna Veritas í upplýsingaöryggismálum er nánar lýst í skjali um stjórnun upplýsingaöryggis Veritas í gæðahandbók.

1. Veritas samstæðan mun fylgja lögum og reglum fyrir stjórnun upplýsingaöryggis og kröfum samkvæmt *ISO/IEC 27001:2005 Stjórnkerfi upplýsingaöryggis* sem eru grundvöllur skipulags og viðhaldsaðgerða sem standa vörð um leynd, réttleika og tiltækileika gagna og upplýsingakerfa.
2. Stefna Veritas í öryggismálum er bindandi fyrir alla starfsmenn og alla sem veita félaginu þjónustu. Þannig eru allir starfsmenn og þjónustuaðilar Veritas skuldbundnir til að vernda gögn og upplýsingakerfi gegn óheimiluðum aðgangi, notkun, breytingum, uppljóstrun, eyðileggingu, tapi eða flutningi.
3. Veritas stuðlar að virkri öryggisvitund starfsmanna, þjónustuaðila, viðskiptavina og gesta.
4. Stjórnun upplýsingaöryggis er hluti af gæðakerfi Veritas.
5. Starfsmönnum og þjónustuaðilum, núverandi og fyrrverandi, er óheimilt að veita upplýsingar um innri mál Veritas, viðskiptamanna þess eða annarra starfsmanna.
6. Veritas framkvæmir reglulega áhættugreiningu til þess að ákveða hvaða aðgerða sé þörf til að vernda upplýsingaöryggi.
7. Veritas stuðlar að því að öllum þáttum þessarar stefnu sé framfylgt með ráðstöfunum sem miðast við störf og ábyrgð viðkomandi einstaklinga.
8. Árlega er gerð skýrsla varðandi framkvæmd og virkni upplýsingaöryggisstefnu Veritas.
9. Veritas endurskoðar þessa stefnu eins og tilefni er til en að lágmarki á tveggja ára fresti.

Umfang

Stjórnkerfi upplýsingaöryggis nær til starfsmanna, starfsstöðva, þjónustu, eigna, upplýsinga og búnaðar sem Veritas hefur umsjón með eða felur öðrum að sjá um í sínu nafni.

Garðabæ 17. apríl 2013.
F.h. Veritas Capital hf.


Hreggviður Jónsson
Forstjóri

